Hvað er þetta?

ESP_028689_1180

HIRISE
HIGH RESOLUTION IMAGING SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS
THE UNIVERSITY OF ARIZONA

Hvað sjáum við hér? Sjá má langa línulega hryggi eða upplyft landslag þakið reglulegum dökkum blettum. Í fullri upplausn og í lit, sjáum við að yfirborðið er þakið gárum og að sumir dökku blettirnir eru umluktir ljósari hjúp. Gefstu upp? Þetta eru sandöldur þaktar koldíoxíðhrími, síðla vetrar, þegar koldíoxíðið er að byrja að gufa upp (breytast úr ís í gufu). Hins vegar er þurrgufunarferlið nokkuð flókið og leiðir til bletta, ráka og svo framvegis, eins og lýst er í eldri myndbirtingu frá HiRISE.